



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/195
komudagur 16.11.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2011

1110036SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um br. á matvælalögum, 61. og 138. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreind þingmál. Aðeins var veittur sjö daga umsagnarfrestur og reyndist ekki unnt að ljúka gerð umsagnar innan svo skamms frests.

Almennt um frumvörpin

Bæði frumvörp eru lögð fram í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu matvæla og veitinga í góðgerðarskyni og til almannaheilla. Einnig miðar frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þ.e. 138. mál, að því að rýmka nokkuð heimildir ráðherra í lögum til þess að víkja frá einstökum ákvæðum laganna þegar um er að ræða frumframleiðendur sem afhenda framleiðsluvörur sínar í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundinna smásöluvyrirtækja. Einnig er lagt til að ráðherra verði heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum laganna til að hægt verði að beita áfram ýmsum hefðbundnum aðferðum við matvælaframleiðslu hérlendis, svo sem taðreykingu hangikets og vinnslu á hákarli og skötu.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við framangreind markmið frumvarpanna og telur eðlilegt að gerðar verði ákveðnar tilslakanir á efni gildandi laga. Einnig liggur fyrir að svigrúm til þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvörpunum er til staðar innan þess EES-regluverks sem matvælalögin eru að stórum hluta byggð á. Sambandið telur hins vegar ríka ástæðu til þess að atvinnuveganefnd íhugi alvarlega þær ábendingar sem komið hafa fram frá heilbrigðiseftirlitssvæðum, en ljóst er að afstaða forstöðumanna þeirra stofnana er ekki á einn veg um hvernig best er að lögfesta þær breytingar sem frumvörpin miða að.

Af hálfu sambandsins er megináhersla lögð á að þær lagabreytingar sem samþykktar kunna að verða leiði ekki til minna matvælaöryggis en nú er til staðar hér á landi. Einnig er grundvallaratriði að ekki verði búin til ný grá svæði hvað varðar gildissvið og beitingu laganna. Sambandið styður hins vegar fyrir sitt leyti lagabreytingar sem leitt geta til einfaldari stjórnsýslu á sviði matvælaeftirlits og stuðla að fjölbreyttri matvælaframleiðslu.

Verkefni Alþingis er að velja þá leið sem best uppfyllir ofangreind markmið, en svo virðist sem líttill ágreiningur sé um að einfalda þurfi stjórnsýslu vegna einstakra viðburða sem skipulagðir eru í þágu góðgerðarmála. Meiri fyrirvarar



koma hins vegar fram í umsögnum um auknar heimildir ráðherra skv. b.-lið 1. gr. frumvarps á þingskjali 138.

Þrjár mismunandi leiðir við lagabreytingar

Í frumvörpunum er annars vegar lagt til að undanþága fyrir góðgerðasamtök frá gildissviði laganna verði sett í 2. eða hins vegar að kveðið verði á um tímabundin starfsleyfi vegna tiltekins viðburðar í 9. gr. laganna.

Svo virðist sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga séu hlynntari því að fara síðarnefndu leiðina, þ.e. að gerð verði breyting á 9. gr. laganna. Eru þá gerðir ýmsir fyrirvarar, m.a. um að þeir aðilar sem hyggjast nýta sér undanþáguna verði að lágmarki tilkynningarskyldir til heilbrigðiseftirlits, sem láti þeim í té leiðbeiningar um rétta meðferð matvæla. Einnig er í umsögnum lagt til að undanþága eða tímabundið starfsleyfi nái aðeins til sölu síður viðkvæmra matvæla, þ.e. gildi þá aðallega um kökubasara, kaffisamsæti o.þ.h. Þessir fyrirvarar eru til þess ætlaðir að tryggja matvælaöryggi en óhjákvæmilegt er að benda á að ef góðgerðasamtök verða áfram leyfis- eða tilkynningarskyld mun lagabreytingin ekki leiða til mikillar einföldunar í stjórnábyrgð meðferð slíkra mála, sem flest verða að teljast smávægileg og ekki líkleg til að stefna matvælaöryggi í hættu.

Sambandið hvetur nefndina sérstaklega til þess að taka til ítarlegrar skoðunar ábendingar heilbrigðisnefnda um nauðsyn þess að fjölga skilgreiningum í lögnum, svo sem um „viðkvæm og síður viðkvæm matvæli“, „góðgerðarstarfsemi“ og „matvælafyrirtæki“. Einnig telur sambandið mikilvægt að nefndin skoði hvaða kröfur sé eðlilegt að gera um merkingar matvæla sem seld eru á grundvelli hugsanlegra undanþága frá lögnum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur hvorugt frumvarpið vera nógu skýrt og bendir því á enn aðra leið við breytingu á lögnum, sem er að hafa hliðsjón af ákvæðum dönsku matvælaganna. Í tillögunni felst m.a. að skilgreiningu laganna á orðinu „*matvælafyrirtæki*“ verði breytt þannig að það nái eingöngu yfir fyrirtæki sem eru skipulögð til framleiðslu á matvælum og hafi samfellu í sinni starfsemi. Aðilar sem aðeins hafa smávægilega eða tilviksbundna starfsemi á sviði framleiðslu eða sölu matvæla falla þá utan gildissviðs laganna. Kökubasarar þyrftu t.d. ekki að fá leyfi frá heilbrigðisnefnd og ekki heldur aðilar á borð við bókaverslanir sem selja súkkulaði í óverulegu magni. Undir þetta sjónarmið tekur Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Að álit Sambands Íslenskra sveitarfélaga er nálgun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur áhugaverð og full ástæða til þess að hún fái frekari skoðun við umfjöllun atvinnuveganefndar um þau frumvörp sem nú liggja fyrir. Ábendingar Heilbrigðiseftirlitsins benda einnig til þess að matvælalögin feli í sér strangari skilgreiningar en löggjöf Evrópusambandsins og er fyllsta ástæða til þess að Alþingi meti hvort ástæða er til lagabreytinga í því ljósi.

Hvaða leið sem Alþingi ákveður að fara við útfærslu fyrirhugaðra lagabreytinga telur sambandið ástæðu til þess að ítreka mikilvægi þess að þær verði ekki til þess að mynda ný grá svæði í löggjöfinni. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands eru nefnd ýmis möguleg tilvik sem myndu



kalla á túlkun laganna og væntir sambandið þess að þær ábendingar fái ítarlega skoðun í atvinnuveganefnd áður en málið verður afgreitt frá nefndinni.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri